

## ÚTGÁFULÝSING

### ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

#### 1. kafli

##### *Almennar upplýsingar um útgefanda:*

- 1.1 Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.

Nafn útgefanda: Reykjavíkurborg

Kennitala: 530269-7609

Heimild til útgáfu: Á fundi borgarstjórnar þann 2. júní 2009 var samþykkt að gefa út og selja allt að 5.000.000.000 kr. í lokuðu skuldabréfaútboði til fagfjárfesta. Skuldabréfaflokkurinn er opin með óákveðinni lokastærð.

Stofndagur: Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi árið 1786

Aðsetur: Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

- 1.2 Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefanda.

Borgarstjóri: Hanna Birna Kristjánsdóttir, kt. 121066-5139

Fjármálastjóri: Birgir Björn Sigurjónsson, kt. 200249-2169

- 1.3 Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.

Útgefandi starfar skv. sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998

#### 2. kafli

##### *Upplýsingar um útgáfuna:*

- 2.1 Hvaða reikningsstofnun annist greiðslur fyrir útgefanda, ef útgefandi er ekki sjálfur reikningsstofnun.

Landsbanki Íslands er aðalviðskiptabanki Reykjavíkurborgar.

- 2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.

TE  
CBS

<b>Auðkenni:</b>	RVK 09 1
<b>Tegund bréfs:</b>	Skuldabréfin í 1. flokki 2009 eru jafngreiðslubríf til 45 ára. Greiða skal af höfuðstól skuldarinnar með 88 greiðslum á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. júní 2010 og síðan árlega þann 10. júní og 10. desember.
<b>ISIN:</b>	IS0000019339
<b>Heildarheimild skv. samningi:</b>	Borgarstjórn samþykkti skuldabréfaútgáfu á fundi þann 2. júní fyrir 5.000.000.000 kr. að nafnvirði. Flokkurinn er opinn og getur borgarstjórn veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni.
<b>Útgefið nú:</b>	5.000.000.000 kr.
<b>Nafnverðseiningar:</b>	5.000.000 kr.
<b>Útgáfudagur:</b>	10. júní 2009
<b>Gjalddagi afborgana / lokagjalddagi:</b>	Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar á 6 mánaða fresti, þann 10. júní og 10. desember ár hvert. Lokagjalddagi er 10. desember 2053.
<b>Verðtrygging:</b>	Neysluverðsvísitala – grunnildi 336,0 stig. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í apríl 2009, sem er 336,0 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga höfuðstóls og vaxta og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.
<b>Nafnvextir:</b>	Nafnvextir bréfanna eru 4,40% fastir flatir ársvextir. Dagaregla er 30E/360. Vextir greiðast á 88 gjalddögum, þann 10. júní og 10. desember ár hvert.
<b>Ávöxtunarkrafa:</b>	Á útgáfudegi er ávöxtunarkrafa bréfanna 4,40%. Ávöxtunarkrafa tekur mið af markaðsaðstæðum á hverjum tíma.
<b>Fyrsti vaxtadagur:</b>	10. júní 2009
<b>Fyrsti gjalddagi:</b>	Fyrsti gjalddagi vaxta og afborganna er 10. júní 2010
<b>Uppgreiðsluheimild:</b>	Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.
<b>Gjaldmiðill:</b>	ISK
<b>Vanskil:</b>	Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfsins, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, skal eigandinn snúa sér til útgefanda og framvísa viðeigandi eignarréttindum að

FE  
085

skuldabréfinu til greiðslu. Framvísi eigandi eignarréttindum að skuldabréfi til greiðslu eftir gjalddaga, mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, verðbætur né dráttarvextir frá gjalddaga til framvísunardags.

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga höfuðstóls eða 30 dögum eftir að innheimtubréfi hafi verið framvísað til greiðslu, enda hafi skuldabréfaeigandi þá ekki fengið greitt, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Sama gildir ef skuldari leitar nauðasamninga eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta

**Framsal:**

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., að undangenginni lokafærslu Verðbréfaskráningar Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

**Stimpilgjald:**

Skuldari greiðir stimpilgjald og önnur gjöld er leiða að útgáfu bréfsins.

**Ágreiningsmál:**

Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

**Heimild:**

Ákveðið og samþykkt á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar þann 28. maí 2009 (sjá meðfylgjandi).

**Breytingar á skilmálum:**

Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks.

**Afskráning:**

Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Verðbréfaskráningu tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

FE  
DBS

- 2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.  
Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum
- 2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útfandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir. Útfandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.
- 2.5 Tilgreint sé hvernig eigi að ráðstafa hlutaðeigandi fjárhæð.  
Útgáfunni skal ráðstafað á VS reikning útfanda á svæði Verðbréfaskráningar Íslands.
- 2.6. Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útfendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.  
Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að sækja um að bréfin verði tekin til viðskipta hjá OMX Nordic Exchange á Íslandi. Jafnframt hefur Seðlabanki Íslands veitt heimild að skuldabréfaflokkurinn verði veðláns hæfur og því mun skuldabréfaflokkurinn þurfa að hafa viðskiptavakt.

### 3. kafli

#### *Upplýsingar um þá sem ábyrgjast útgáfulýsingu og endurskoðun ársreikninga:*

- 3.1 Nöfn og kennitölur þeirra sem bera ábyrgð á útgáfulýsingu.  
Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri, 411 1111,  
[birgir.bjorn.sigurjonsson@reykjavik.is](mailto:birgir.bjorn.sigurjonsson@reykjavik.is)  
MP Banki hf. kt. 540599-2469, Friðrik Einarsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar MP Banka hf., 540 3228, farsími 822 3228, [fridrik@mp.is](mailto:fridrik@mp.is)
- 3.2 Nöfn og kennitölur löggiltra endurskoðenda útfanda undanfarin þrjú ár.  
Grant Thornton endurskoðun hf. endurskoðaði Reykjavíkurborg fyrir árin 2005 og 2006. Gerður Guðjónsdóttir og Guðmundur Snorrason, löggiltir endurskoðendur, skrifuðu uppá ársreikningana.  
PricewaterhouseCoopers hf., kt. 590975-0449, Guðmundur Snorrason, 550 5300,  
[guðmundur.snorrason@is.pwc.com](mailto:guðmundur.snorrason@is.pwc.com), Ólafur Gestsson, 550 5300, [olafur.gestsson@is.pwc.com](mailto:olafur.gestsson@is.pwc.com), eru núverandi endurskoðendur Reykjavíkurborgar og endurskoðuðu ársreikning 2007.

### 4. kafli

#### *Fylgigögn með skráningar- eða útgáfulýsingu:*

- 4.1 Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útfanda.  
Á ekki við
- 4.2 Staðfesting á að útfandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.  
Meðfylgjandi
- 4.3 Afrit af kvittun frá Sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.  
Meðfylgjandi

TE  
GBS

- 4.4** Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.  
Meðfylgjandi
- 4.5** Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.  
Á ekki við
- 4.6** Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.

Reykjavík, 3. júní 2009

F.h. Reykjavíkurborgar

  
\_\_\_\_\_

F.h. fyrirtækjaráðgjafar MP Banka hf.

  
\_\_\_\_\_